

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, náðunarnefnd, svo og þrjá varamenn, til tveggja ára í senn. Formaður nefndarinnar og varaformaður skulu uppfylla skilyrði laga til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara.

Nefndin skal láta ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu á erindum sem til hans er skotið vegna ákvörðunar fangelsismálastofnunar um samfélagsþjónustu og reynslulausn, svo og um afgreiðslu náðunarbeiðna.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. Þá falla úr gildi lög um samfélagsþjónustu, nr. 55/29. apríl 1994.

Jafnframt bætist nýr málslíður við 1. mgr. 51. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, svohljóðandi: Fangar skulu njóta sjúkratrygginga, annarra en sjúkradagpeninga, samkvæmt almennum reglum sem um þær gilda.

Ákvæði til bráðbirgða.

Til að heimilt verði að fullnusta dóma með samfélagsþjónustu þar sem dæmd refsivist er meira en þrjár mánuðir eða hluti refsivistar skilorðsbundinn þarf dómurinn að vera kveðinn upp eftir gildistöku laga þessara.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu og lögum um kirkjusóknir, safnaðarfundi, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um sóknargjöld o.fl., nr. 91/29. desember 1987.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 2. gr. laganna:

- a. 1. tölul. orðast svo: Á árinu 1997 skal gjaldið vera 400,24 kr. á einstakling á mánuði.
- b. 2. tölul. fellur brott.
- c. Í stað ártalsins „1990“ í 3. tölul. kemur: 1998.

II. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36 4. maí 1993.

2. gr.

2. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Kirkjugarðsstjórnir skulu senda Ríkisendurskoðun ársreikninga kirkjugarða fyrir næstliðið ár fyrir 1. júní ár hvert. Um heimildir Ríkisendurskoðunar til að kalla eftir upplýsingum og til að kanna gögn fer eftir lögum um Ríkisendurskoðun.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 39. gr. laganna:

- a. 1. tölul. orðast svo: Á árinu 1997 skal gjaldið vera 164,13 kr. á einstakling á mánuði.
- b. Í stað ártalsins „1995“ í 2. tölul. kemur: 1998.

4. gr.

Við lögín bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma eru undanþegnir greiðslu framlags til Kirkjugarðasjóðs árin 1998 og 1999.

III. KAFLI

Breyting á lögum um kirkjusóknir, safnaðarfundir, sóknarnefndir, héraðsfundi o.fl., nr. 25 3. júní 1985.

5. gr.

Við 23. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Sóknarnefndir skulu senda Ríkisendurskoðun ársreikninga sóknarnefnda fyrir næstliðið ár fyrir 1. júní ár hvert. Um heimildir Ríkisendurskoðunar til að kalla eftir upplýsingum og til að kanna gögn fer eftir lögum um Ríkisendurskoðun.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Arason, Beata Dorota, húsmóðir í Reykjavík, f. 14. febrúar 1971 í Póllandi.
2. Atanasov, Ioulian Ognianov, verkamaður í Reykjavík, f. 11. október 1952 í Búlgaríu.
3. Atli Jakob Hlödversson, barn í Kópavogi, f. 24. apríl 1996 í Kasakstan.
4. Ágústsson, Lesley Patricia, húsmóðir í Reykjavík, f. 21. apríl 1961 í Bretlandi.